# AUGLÝSING

**um veiðigjald og þorskígildi.**

1. gr.

Fiskistofa leggur á veiðigjald. Á fiskveiðiárinu 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 skulu eigendur skipa greiða kr. 1,53 fyrir hvert þorskígildiskílógramm úthlutaðra veiðiheimilda eða landaðs afla einstakra tegunda.

2. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2005 til 31. ágúst 2006 eru þessir:

| **Tegund** | **Stuðlar** | **Tegund** | **Stuðlar** | **Tegund** | **Stuðlar** |
|---|---|---|---|---|---|
| Þorskur | 1,00 | Innfjarðarækja | 0,36 | Trjónukrabbi | 0,21 |
| Ýsa | 0,75 | Úthafsrækja | 0,68 | Smokkfiskur | 0,20 |
| Ufsi | 0,37 | Litli karfi | 0,05 | Beitukóngur | 0,26 |
| Karfi | 0,54 | Lýsa | 0,47 | Kúskel | 0,02 |
| Langa | 0,55 | Blálanga | 0,55 | Blágóma | 0,11 |
| Keila | 0,35 | Sléttilanghali | 0,20 | Búrfiskur | 1,29 |
| Steinbítur | 0,68 | Tindaskata | 0,10 | Snarphali | 0,21 |
| Skötuselur | 1,60 | Hlýri | 0,76 | Litla brosma | 0,42 |
| Grálúða | 2,04 | Skata | 0,56 | Náskata | 0,16 |
| Skarkoli | 1,29 | Háfur | 0,82 | Sandhverfa | 4,01 |
| Sólkoli | 1,55 | Hákarl | 0,07 | Urrari | 0,63 |
| Langlúra | 0,63 | Hámeri | 3,25 | Stinglax | 0,36 |
| Sandkoli | 0,52 | Gulllax | 0,4 | Hvítskata | 0,35 |
| Skrápflúra | 0,45 | Lúða | 3,21 | Sæbjúga | 0,13 |
| Síld | 0,14 | Öfugkjafta | 0,35 | Rauðmagi | 0,15 |
| Loðna | 0,06 | Makríll | 0,33 | Grásleppa | 1,01 |
| Humar (slitinn) | 6,45 | Geirnyt | 0,13 | | |

Þorskígildisstuðlar fyrir stofna sem úthlutað er úr miðað við almanaksárið 2006 eru eftirfarandi:

| **Tegund** | **Stuðlar** |
|---|---|
| Norsk-íslensk síld | 0,15 |
| Norður-Íshafsþorskur | 1,00 |
| Kolmunni | 0,05 |
| Úthafskarfi | 0,51 |
| Rækja á Flæmingjagrunni | 0,84 |

Ofangreindir stuðlar gilda við álagningu veiðigjalds, sbr. 22. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi, kemur til framkvæmda 1. september 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 2005.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Arndís Á. Steinþórsdóttir.*